

287. fundur Skólanefndar FS

16. október 2007



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason,
Ólöf Bolladóttir, Garðar Páll Vignisson, áheyrnarfulltrúinn
Guðmundur Viktorsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Húsnæðismál.
 2. Nýtt námsframboð á almennri braut.
 3. Önnur mál.

1. Húsnæðismál.

Skólameistari kynnti tölur yfir fjölda nemenda árin 2004-2007 en nemendum hefur fjölgað mikið á þessu tímabili. Áætlanir gera ráð fyrir að nemendum fjölgi áfram næstu árin. Skólameistari kynnti hugmynd að stækkun skólahúsnæðisins til að koma til móts við þessa fjölgun og leysa þann vanda sem þegar er fyrir hendi. Þar yrðu 8 kennslustofur og opin rými fyrir nemendur. Áætlaður kostnaður yrði um 350 milljónir. Samþykkt að kynna þessar hugmyndir fyrir sveitarfélögum á Suðurnesjum.


2. Nýtt námsframboð á almennri braut.

Skólameistari kynnti hugmyndir um stuttar starfsnámsbrautir en nauðsynlegt er að auka námsframboð í tengslum við almenna braut. Skólanefnd felur skólameistara að vinna að hugmyndinni og stefna að því að bjóða upp á fyrstu brautirnar næsta haust.

3. Önnur mál.

- a) Um 150 gestir sóttu ráðstefnu sem skólinn hélt um dyslexíu. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með ráðstefnuna og framtakið.
- b) Spurt um fjarnám í Kvöldskóla. Ekki náðist í hóp til að fara af stað í 2. lotu haustannar en stefnt er að því að fjarnámið hefjist eftir áramót.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristbjörnsson,
fundarritari